



Baldur Guðmundsson
Blaðamaður hjá Fréttablaðinu

Afrit: Grunnskólar sem tekið hafa þátt
í innleiðingu Byrjendalæsis

Akureyri, 15. janúar 2018

Efni: Svar við erindi frá Baldri Guðmundssyni fréttamanni hjá Fréttablaðinu frá 7. desember 2017, þar sem óskað var eftir neðangreindum gögnum/upplýsingum

Óskað var eftir eftirfarandi gögnum/upplýsingum:

1) **Við hvaða grunnskóla hefur Miðstöð skólapróunar við HA (hér eftir MSHA) gert samninga um innleiðingu Byrjendalæsis?**

SVAR: sjá fylgiskjal 1.

2) **Hvaða ár hófst innleiðingarferlið í hverjum skóla?**

SVAR: sjá fylgiskjal 1.

3) **Á vef MSHA kemur fram að tekjur af innleiðingu, fræðsluefni, þróun, eftirfylgni og úrvinnslu úr mati á Byrjendalæsi í 83 skólum á árunum 2005-2014 voru 84,5 milljónir króna, þar af 9,5 milljónir króna 2014.**

a. **Hverjar voru tekjurnar árin 2015 og 2016 og**

b. **Hvaða skólar hófu innleiðingu Byrjendalæsis á þessum tveimur árum?**

SVAR: a. Tekjur vegna Byrjendalæsis á árinu 2015 voru kr. 11.201.260

Tekjur vegna Byrjendalæsis á árinu 2016 voru kr. 8.989.060

b. Sjá fylgiskjal 1

4) **Hversu margir skólar – og hvaða skólar - eru í innleiðingarferli nú?**

SVAR: Sjá fylgiskjal 1.

5) **Hvernig mælir MSHA árangur af Byrjendalæsi?**

SVAR: Þeir skólar sem eru í innleiðingarferli hverju sinni senda inn upplýsingar um niðurstöður úr skimunarprófunum Læsi – lestrarskimun og Lesmál. Þeim stendur jafnframt til boða að senda áfram niðurstöður úr þeim prófum eftir að innleiðingu er lokið. Læsi samanstendur af fimm prófum. Þrjú þeirra eru lögð fyrir í 1. bekk og tvö í 2. bekk. Lesmál er lagt fyrir að vori í 2. bekk. Læsisprófin voru gefin út af Námsgagnastofnun og voru þýdd úr norsku á sínum tíma. Þau hafa ekki verið stöðluð á Íslandi en hafa verið notuð sem skimunarpróf í 1. og 2. bekk. Lesmál er próf sem Rósa Eggertsdóttir fyrrum sérfræðingur hjá MSHA samdi og staðlaði í samvinnu við dr. Sigurgrím Skúlason hjá Menntamálastofnun. Lesmál er nú aðgengilegt skólum á vef Menntamálastofnunar. MSHA sendir skólum til baka upplýsingar um frammistöðu nemenda í viðkomandi skóla samanborið við frammistöðu allra



Þeirra sem sendu inn niðurstöður í það skiptið (hver skóli getur séð dreifingu einkunna í sínum skóla og dreifinguna í öllum hópnum en þó ekki í einstökum skólum). Sérfræðingar hjá MSHA veita kennurum ráðgjöf með hliðsjón af niðurstöðum hvers skóla. Þessi gögn eru varðveitt hjá MSHA.

Viðhorfskannanir eru lagðar fyrir kennara í lok hvers skólaárs á meðan á innleiðingarferlinu stendur. Kennarar leggja þar mat á áhrif þróunarverkefnisins á eigin starfsþróun, kennsluhætti og árangur nemenda sinna. Niðurstöður eru nýttar til að þróa bæði innleiðingarferlið og þróunarverkefnið sjálft.

Vert er að geta þess að MSHA sinnir þróunarverkefnum á vettvangi skólastarfs og leggur sig fram um að mæta óskum skóla á öllum skólastigum um ráðgjöf á ýmsum sviðum skólaþróunar. Með kaupum á slíkri þjónustu leitast sveitarfélögin jafnframt við að uppfylla lögboðnar skyldur sínar, samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik og grunnskóla, um kennslufræðilega ráðgjöf og endurmenntun sem miðar að því að efla skóla sem faglegar stofnanir. Þegar um formleg skólaþróunarverkefni er að ræða (eins og til dæmis Byrjendalæsi) gerir MSHA samning við viðkomandi skóla/sveitarfélag um verkefnið til ákveðins tíma. Eftirfylgd er háð óskum skólans um áframhaldandi samstarf en ekki ákvörðun miðstöðvarinnar.

6) **Hafa ritrýndar greinar eða rannsóknir verið gerðar á árangri Byrjendalæsis? Hvaða greinar eru það?**

SVAR: Miðstöð skólaþróunar hefur í raun ekki það hlutverk að sinna rannsóknum, enda ekki trúverðugt að stofnanir rannsaki sjálfar eigin árangur. Slíkar óháðar rannsóknir eru á verksviði akademískra starfsmanna. Nú í byrjun árs gefur Háskólaútgáfan út bók sem inniheldur 14 ritrýndar greinar um þróunarverkefnið Byrjendalæsi. Þessi bók er afrakstur af stóru rannsóknarverkefni sem varðar læsiskennslu í 1. og 2. bekk í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður hennar hafa einnig verið kynntar á fjölmörgum ráðstefnum innanlands og utan. Meira um það á slóðinni:
http://staff.unak.is/not/runar/Rannsoknir/BL_rannsokn.htm

Miðstöð skólaþróunar hefur ekki haldið sérstakt yfirlit yfir greinaskrif er varða Byrjendalæsi, upplýsingar þar um má nálgast á háskólabókasöfnum bæði hér við HA og HÍ.

7) **Hversu margir starfsmenn vinna hjá MSHA?**

SVAR: Alls starfa 8 starfsmenn hjá MSHA í 6,14 stöðugildum.

Fyrir hönd sviðsforseta,

Heiða Kr. Jónsdóttir
Skrifstofustjóri, hug- og félagsvísindasvið við HA
heida@unak.is

Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri